



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 562

Byggjendaklúbbur Engjaskóla

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 562

Byggjendaklúbbur Engjaskóla



Formáli

Hugmyndin að klúbbnum kemur frá Bandaríkjum Norður Ameríku þar sem Kiwanisklúbbar hafa séð um og rekið slíka klúbba í samvinnu við skóla. Þar heita þessir klúbbar Builders Club sem bendir á að verið sé að byggja upp tilvonandi stjórnendur framtíðarinnar. Með það að leiðarljósi kom þýðingin Byggjendaklúbbur því við ætluðum einnig að byggja upp sjálfstraust og leiðtogaþæfileika félaganna. Hér á landi er lítil hefð fyrir því að utanaðkomandi aðilar komi inn í skóla til að halda uppi félagsstarfi í sjálfböðavinnu. Slíkt kallar á samvinnu við einhvern starfsmann skóla sem héldi utan um starfið að einhverju leiti auk þess sem slík vinna væri sjálfböðastarf. Þegar Byggjendaklúbbur Engjaskóla var stofnaður var Kiwanisklúbburinn Höfði fenginn til að hafa umsjón með starfinu og aðgangur að skólanum tryggður með starfsmanni þar. Fyrsti fundur klúbbsins var í apríl 2004 þrátt fyrir að formleg stofnun klúbbsins væri ekki fyrr en á Umdæmisþingi Kiwanis þann 16. ágúst 2005. Skólastjórnendur Engjaskóla voru mjög hlynnt þessu starfi og studdu það af heilhug þannig að klúbburinn hafði aðgang að húsnæði og því sem til þurfti til að halda klúbbnum gangandi. Félagar í Byggjendaklúbbi Engjaskóla voru áhugasöm og viljug að koma með hugmyndir að verkefnum sem væru í þágu skólans og nærumhverfis hans. Fjáraflanir klúbbsins voru oft skemmtanir fyrir yngri nemendur skólans sem voru mjög vel sóttar. Byggjendaklúbburinn og Kiwanisklúbburinn Höfði öfluðu peninga sem þau meðal annars létu renna í trjárækt við skólann auk búnaðar sem vantaði. Félagar klúbbsins voru mjög ánægðir og gaman að sjá hvað þau voru stolt af því að geta látið gott af sér leiða.

(Heimild: Guðrún Þ. Kristjánsdóttir).

Umsjónarmaður og tengiliður við Byggjendaklúbb Engjaskóla var Guðrún Þ. Kristjánsdóttir og Kiwanisklúbburinn Höfði var móðurklúbbur klúbbsins. Fyrsti forseti Byggjendaklúbbsins var Jóhann Dagur Auðunsson og fjörutíu og þrjú börn úr 6. og 7. bekk skólans gerðust stofnfélagar.

(Heimild: Úrklippa úr blaði sem fylgir ljósmyndum, án árs og Morgunblaðið 4. október 2005).

Fyrir hönd Kiwanisklúbbsins Höfða vil ég þakka Engjaskóla og ekki síður Guðrúnu Kristjánsdóttur fyrir óeigingjarnt staf, en án hennar hefði þetta klúbbastarf ekki orðið að veruleika.

(Kristinn Kristinsson).

Af hverju byrjaði ég í Kiwanis? Nú ég fór náttúrulega á böll hjá Kiwanis þegar ég var í 3. og 4. bekk og mér fannst böllin allveg ofboðslega skemmtileg svo ég vildi ekki missa af neinu balli.

Svo þegar ég var í 6. bekk var mér boðið að koma í heimsókn í Kiwanis. Að sjálfsögðu fór ég. En ég var ekki svo ánægð með fundinn en ég ákvað að prófa að vera með á einu balli og það var mjög skemmtilegt. Svo ég fór á næsta fund og þá sá ég að Kiwanis var ekki bara um böll heldur styrkjum við líka Engjaskóla og við munum fara í ferðalög með Kiwanis. Svo ég hélt áfram í Kiwanis.

Hvað við gerum í Kiwanis? Við höldum t.d. fundi, böll, bíó- fundi og pizzufundi. Á fundum þá ræðum við um hvað er framundan og hvað við ætlum að fara að gera í næstu viku.

Böll! Á böllum bjóðum við einhverjum bekkjum á ball og á böllum förum við í ýmsa leiki og veljum flottasta búninginn. Við dönsum og bjóðum verðlaun fyrir ýmislegt.

Bíófundur! Fyrir bíófundi leigjum við mynd og við bjóðum öllum í Kiwanis að koma til að horfa á myndina og þá er líka alltaf opin sjoppa.

Pizzufundur! Á pizzufundum þá bjóðum við öllum í Kiwanis á pizzufundin og svo pöntum við pizzur fyrir hópinn. En eins og í dag er ekki venjulegur pizzufundur því við buðum 5. bekk hingað og það verða stjórnarskipti líka.

Hvað er skemmtilegt í Kiwanis? Mér finnst skemmtilegt að halda öðruvísi fundi og mér finnst gaman að fara í ferðalög með Kiwanis og það er líka gaman að bjóða öðrum hingað til að skemmta sér með okkur.

Hvað er leiðinlegt? Mér finnst leiðinlegt þegar fáir mæta á fundi og mér finnst leiðinlegt þegar nokkrir krakkar mæta aldrei og heimta svo að vera með á böllum og fá það kannski.

Hvað þarf að bæta? Ef ég mundi vilja bæta einhverju við mundi ég bæta ferðum, skemmtunum, keppnum og mætingu. Ferðum til Kiwaniskallanna og vera þar einn fund.

Skemmtunum. Við getum farið í sund eða tennis saman.

Keppnum. Við gætum farið í lazertag og keppt við hvert annað eða tennis.

Mætingu- mundi ég segja ef maður mætir ekki á 4 fundi í röð þá máttu ekki vera með á skemmtilegustu fundunum t.d. pizzufundum. Ef ég mundi vera Rúna (Guðrún Þ. Kristjánsdóttir) mundi ég setja reglu sem yrði ef maður mætir ekki í tvo fundi í röð þá má maður ekki taka þátt í næsta balli. Og ef fimm krakkar mættu á fund sem væri að skipuleggja ball fyrir næstu viku þá yrðu bara þessir fimm krakkar að halda ballið.

Hugmyndir um ferðir. Hugmyndirnar mínar eru að fara í sjúkranámskeið

(Barnapössunarnámskeið), fara í ferð innanlands í 1 nótt eða fá að fara með Kiwanis

köllum á fund sem aðrir mæta á. Líka að keppa við Kiwaniskallana í lazertag eða svo.

Hvað hef ég lært með því að vera í Kiwanis? Ég hef lært það að maður getur ekki fengið allt sem maður vill og maður vill komast í nefndina og ef þú ert búin að bíða í 2 ár ekki hætta að bjóða þig fram því það mun koma að þér. Mér finnst Kiwanis hafa gert mig að betri og hreinskilnari manneskju. Og að ég hef eignast marga og góða vini sem ég hef aldrei þekkt. Mér finnst ég vera búin að upplifa ansi marga þar því ég fór í Kiwanis. Ef þér væri boðið í Kiwanis mundi ég alls ekki neita því. Þú munt upplifa hluti sem þú getur ekki upplifað sjálf.

(Heimild: Frásögn nemenda úr Engjaskóla).

Afhending: Kristinn Kristinsson afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn Byggjendaklúbbs Engjaskóla, 14. maí 2015.

Tími: 1992-2010.

Innihald: Skjöl um starfsemi Byggjendaklúbbs Engjaskóla. Bréf, fundardagskrár, nafnalistar, auglýsingar, prentað mál, bókhalð og ljósmyndir. Einnig gögn frá Guðrúnu Þ. Kristjánsdóttur um starf hennar í Kiwanisklúbbum Hörpu og tengingu hennar við Byggjendaklúbb Árbæjarskóla og Engjaskóla.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1992-2010.

Örk 1

Fundur, dagskrá, 27. apríl 2005.

Fundur, dagskrá, 12. október 2005 og nafnalisti á bakhlið.

Drög að fundum veturinn 2008-2009.

Dagskrá vorið 2009, tillögur, nafnalisti o.fl.

Fundartímar 2009-2010.

Fundur með Kiwanisklúbbnum Höfða, dreifibréf, 5. nóvember, án árs.

Fundur, dagskrá, 14. október, án árs.

Bréf frá Kiwanis International Office og umslag með félagsskírteinum.

Viðurkenningar (3), 2008-2009.

Nafnalisti yfir meðlimi og aðstendur Byggjendaklúbbs Engjaskóla, tölvuútskrift, 17. maí 2010.

Listi með nöfnum, án árs.

Nafnalisti yfir forseta, kjörforseta, ritara og gjaldkera, án árs.

Byggjendaklúbbur Engjaskóla, kynningarbæklingur, án árs, 3 eintök.

Kynningarefni Kiwanis og Engjaskóla, án árs.

Kiwanis og Byggjendaklúbbur Engjaskóla, póstur til Kiwais félaga prentað út 15. maí 2015, aftast er bent á að umsjónarmaður klúbbsins sé Guðrún Kristjánsdóttir og veiti hún allar upplýsingar.

Leiðbeiningar fyrir klúbbformenn, hefti, án árs.

Yfirlit fyrir formann klúbbnefndar, hefti, án árs.

Nokkrar staðreyndir um Kiwanis-hreyfinguna, hefti, án árs.

Point About the Origin and Spreading of the Kiwanis Movement, hefti, án árs.

A Kiwanis Family Member: Key Club International, hefti, án árs.

Örk 2

Kiwanis-blað Engjaskóla, án árs.

Kiwanis býður í Lazer- Tag, nafnalisti og umslag með boðsmiðum, 18. maí, án árs.

Miðar með nöfnum, tilkynning um afhendingu á nammipoka, án árs.

Árshátíð Byggjendaklúbbs, miðar, 26. nóvember 2008.

Nýársball, auglýsing 3. febrúar, án árs.

Jólahúfuball, auglýsing 29. nóvember, án árs.

Vinaball, auglýsing, án árs.

Kúrekaball, auglýsing 26. september, án árs.

Ofurhetjuball, auglýsing 18. mars, án árs.

Hjarta, spaði, tígull og lauf, plastað í A-4 stærð, líklega fyrir spilakvöld.

Örk 3

Eyðublöð:

Leyfi til að starfa í Byggjendaklúbbi.

Kvittun fyrir greiddum félagsgjöldum, 2009-2010.

Viðurkenningarskjöl fyrir 2008-2009.

The Builders Club, meðlimaspjald.

Byggjendaklúbbur Engjaskóla, viðburðadagatal, 2009-2010.

Gátlisti þegar haldin eru böll, án árs.

Askja 2

Bréfa- og málafn, prentað mál, bókhald, 1993-2010.

Fundargerðabók umhverfisnefndar. Ein fundargerð frá 18. maí, án árs.

Mappa

Guðrún Þ. Kristjánsdóttir.

BC- Nefnd, skipunarbréf Guðrúnar Þ. Kristjánsdóttur. Nefndin hefur yfirlit um starfi Byggjendaklúbbs Árbæjarskóla, 1995-1996.

Skipunarbréf styrktarnefndar, hlutverk nefndarinnar o.fl., án árs.

Kiwanisklúbburinn Harpa, fundarboð, 17. október 1995.

Kiwanis umdæmisstjórn. Erindisbréf Guðrúnar Þ. Kristjánsdóttur, Kiwanisklúbbnum Hörpu vegna æskulýðsþjónustu og Byggjendaklúbbsnefnd, 1994-1995.

Skýrsla nefndar um Byggjendaklúbba til 63. fundar Kiwanisklúbbsins Hörpu.

Skyldur embættismanna BC- klúbba.

Reglur um styrktarnefndir BC- klúbba.

Builders Club Newsletter 1996.

Tillögur til skemmtinefndar 20. janúar 1994.

Nefndarskipan.

Dagskrá fundar 17. febrúar 1994.

Minnismiði fyrir skemmtinefnd 3. mars 1994.

BC- klúbbur yfirlit yfir starfsárið 1993-1994.

BC- klubb report 1993-1994.

Kiwanis International Commercial Invoice 12. janúar 1993.

Bréf til Guðrúnar frá John Minnick 22. nóvember 1993 og Gerald K. Robert 6. september 1993.

Skýrsla frá nefnd um BC- Árbæjarskóla til umdæmisstjórnarfundar 26. mars 1994.

Minnismiðar.

Dagskrá vígslufundar BC- Árbæjarskóla 4. nóvember 1993.

Skrá yfir stofnfélaga BC- Árbæjarskóla og nefndarskipan.

Dagskrá 1. fundar BC- Árbæjarskóla 25. nóvember 1993

Félagatöl.

Petition for Charter listi yfir meðlimi o.fl. 27. september 1993.

Hagstofa Íslands, bréf 24. mars 1994.

Dreifibréf til skólustjóra, án árs.

Tillaga til stjórnar Kiwanisklúbbsins Hörpu 4. febrúar 1993, o.fl.

Byggjendaklúbbur Engjaskóla, kynningarbæklingur, 2005, útprent úr tölvu.

Prentað mál

Kiwanis, umdæmið Ísland- Færeyjar, 38. árg. 1. tbl. desember 2008.

Kiwanis. *Important Information for Parents*, bæklingur, án árs.

Information of Interest to Secondary School Principals Concerning Key Club, hefti án árs.

Key Club International. *The Constitution and Bylaws*, hefti án árs.

Key Club. *Building a Club in your Community*, hefti án árs.

Kiwanis *Builders Club in your Community*, kynningarblað, án árs.

Kiwanis *Sponsorship Resource Guide*, kynningarblað, án árs, 3 eintök.

Kiwanis Builders Club: *New Member Handbook*, kynningarblað, án árs.

Kiwanis *Service Projects* ys nr. 2, 7, 9, 11, 14, 17, 19, 20, 23, 24.

Kiwanis *Youth Services*, nr. 31, 33, 34, 35, 37, 38, án númers.

Choices About Drugs and Drinking, hefti, án árs.

Drugs: Know the Dangers, plakat, án árs.

A Service Project for Young Children: Priority One, mep nr. 1, 2, 6, 7, 8, 10, 11, 12.

A Service Project for Young Children: Priority One, po nr. 1, 13, 14, 18, 19, 21, 22.

Project Idea List, 3 hefti.

Ýmsar greinar o.fl., ljósrit, án árs.

Mappa: *Young Children Priority One*, án árs.

Bókhald

Leyfi til að starfa í Byggjendaklubbi, nafnalisti yfir greidd félagsgjöld, millifærslur, reikningsyfirlit, kvittanir, reikningar, verðlistar o.fl., 2005-2010.

Umslag: Kvittanahefti yfir ógreidd félagsgjöld, 2005-2006.

Mappa: Reikningar vegna Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts, nafnalistar o.fl. 1994-1995.

Ljósmyndir

Ljósmyndir A-4, útprentaðar úr tölvu bæði svart hvítar og í lit. Þær eru í plastvösum og eru ekki merktar með nöfnum.

Fremst er úrklippa úr blaði um stofnun Byggjendaklúbb Engjaskóla þar sem kemur fram að 13. apríl (vantar ár) hafi verið borðið til „stofnfundar“ og síðan myndir í plastvösum.

Bunkar eru merktir dagsetningunum: 28. apríl 2004, 13. apríl 2005, 22. apríl 2005, 16. september 2005, 11. desember 2006 og 14. mars 2007.

Skráð júní 2015
Gréta Björg Sörensdóttir